



Kennsluáætlun – 2018-2019

Námsgrein: Náttúrufræði

Árgangur/bekkur: 2009/4. bekkur

Kennari: Arna Sædal Andrésdóttir

Námsefni:

- Náttúran allan ársins hring
- Komdu og skoðaðu hringrásir
- Komdu og skoðaðu tæknina
- Forrit og forritun: m.a. Little bits rule your room kit, Osmo coding, MakeyMakey og fl.
- Átthagafræði GSS: Vettvangsferð í Skonsudal og fossinn á Vatnaleið og einnig á Vatnasafnið.
- Þjóðsögur (ferðafélagsbækur): valdar þjóðsögur sem gerast í nærumhverfi okkar.

Bækur:

- ✓ **Náttúran allan ársins hring:** bókin er um náttúruna og árstíðirnar. Skoðað er hvernig lífríkið breytist eftir árstíðum og sýnt samhengi jafnt lífrænna sem lífvana þátta í náttúrunni. M.a. er fjallað um aðlögun lífvera, hitafar, birtu, úrkomu, uppgufun, vinda og æxlun og vöxt dýra og plantna.
- ✓ **Komdu og skoðaðu hringrásir:** Áhersla er lögð á hringrásir í náttúrunni. Greint er frá stöðugum hringrásum efna á jörðinni og undirstrikað mikilvægi þess að umgangast auðlindir jarðar af virðingu.
- ✓ **Komdu og skoðaðu tæknina:** Áhersla er lögð á tæknina fyrr og nú. Skoðað er hvernig tæknin hefur breyst og haft áhrif á líf manna.

Helstu kennsluáðferðir: Innlögn á töflu, umræður, tilraunir, útikennsla, leikir. Mikið unnið í hringekju, para- og hópavinnu og á vinnusvæðum.

Námsmat: Virkni og vinna í tímum.